Þrautaleikur

Velkomin á Austurvöll!

Í þessum vetrarlega þrautaleik getur þú spreytt þig á ýmsum þrautum sem tengjast Alþingishúsinu og umhverfi þess.

Einnig tengjast nokkrar spurningar Alþingisgarðinum.

Þar gæti verið spennandi fyrir alla fjölskylduna að fara saman í leikinn þegar farið er að rökkva og hafa vasaljós meðferðis!

1. Á miðjum Austurvelli er stór stytta af manni sem horfir á Alþingishúsið.

Einar Jónsson myndhöggvari gerði þessa styttu fyrir meira en 100 árum.

Hvað hét maðurinn?

Á stöpli styttunnar er mynd. Skoðaðu hana vel.

Þar sést stór vera, hvaða vera er þetta?

a. dreki b. risi c. álfur d. hvalur

Fylltu í eyðurnar, stafirnir sem vantar eru hér til hliðar:

Veran heldur á steintegund sem kallast s __ u__l__b__r g

e a ð t

Snúðu þér við, gakktu beint í áttina að Alþingishúsinu.

2. Úr hvaða efni eru veggirnir?

a. Tré

b. Málmi

c. Steypu

d. Steini

Vissir þú að...

efnið sem veggir Alþingishússins eru byggðir úr kemur úr miðbænum, nánar tiltekið úr Þingholtunum?

Teldu:

Hvað eru margir gluggar á framhlið hússins?

En uppi á þaki?

3. Fyrir ofan fjóra glugga eru verur.

Þetta eru landvættirnar sem þú kannast kannski við úr skjaldarmerkinu.

Landvættirnar fjórar eru:

a. Hani, krummi, hundur, svín

b. Bergrisi, snákur, svanur, dreki

c. Bergrisi, gammur, griðungur, dreki

d. Fiðrildi, fálki, ljón, refur

Vissir þú að...

griðungur er annað orð yfir naut?

4. Á Alþingishúsinu stendur hvaða ár það var byggt.

Hvaða ár var það?Eru meira en 100 ár síðan eða minna?

5. Líttu aftur upp á þakið. Hvað er EKKI þar:

Kóróna Útsýnispallur Fánastöng
Strompur Loftnet

Horfðu yfir til hægri og gakktu örfá skref þar til þú kemur að annarri styttu.

6. Styttan er eftir Ragnhildi Stefánsdóttur og er af fyrstu konunni sem kjörin var á þing árið 1922.

Hvað hét hún?

Næst liggur leiðin í Alþingisgarðinn. Gakktu hægra megin við Alþingishúsið, meðfram nýju viðbyggingunni, Skálanum.

Beygðu síðan aðeins til vinstri og gakktu inn í garðinn.

Þetta er einn af elstu skrúðgörðum borgarinnar.

7. Í garðinum er brjóstmynd af manni sem teiknaði, hannaði og ræktaði garðinn. Finndu hana. Maðurinn er líka jarðaður þar!

Hvað hét maðurinn?

Stærsta blómabeðið í garðinum er hringlaga.

Gakktu í kringum það.

Hvað þarftu að stíga mörg skref?

Vissir þú að…

skrúðgarður þýðir garður sem ekki er ætlaður til ræktunar matjurta heldur einungis til ánægju og yndisauka.

Horfðu á bakhlið Alþingishússins. Úr garðinum er allt annað sjónarhorn á það.

Þar má sjá bogalaga rými sem kallast Kringlan. Þakið á henni er úr kopar sem breytir um lit með tímanum.

8. Hvernig er þakið á Kringlunni á litinn?

gult rautt grænt blátt svart appelsínugult

Aukaþraut: Ef það er snjór í garðinum, þá er tilvalið að búa til snjókarl!

Til hamingju, þú hefur klárað leikinn og leyst allar þrautirnar!

Svörin eru á hvolfi hérna neðst á síðunni.

Ef þú vilt halda leiknum áfram þegar þú kemur heim geturðu til dæmis teiknað mynd af einni af landvættunum.

Þú getur líka fræðst meira um það sem gerist inn í Alþingishúsinu með því að horfa á þetta fjöruga myndband myndskreytt af Rán Flygenring: https://www.ungmennavefur.is/#hvad-er-althingi

Svör: 1: Jón Sigurðsson, b. rísi, stuðlaberg. 2: d, 13, 11. 3: c. 4: 1881, meira. 5: Loftnet, útsýnispallur. 6: Ingibjörg H. Bjarnason. 7: Tryggvi Gunnarsson. 8. Þakið er grænt.